



Fundir með Sir Patrick Reilly, 10. október og 2.
desember 1960

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Heilbrigðismálaráðherra –
Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan – Sir Patrick Reilly – Ambassador Stewart –

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-25, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ALGJÖRT TRÚNAÐARMÁL

Sir Patrick Reilly og ambassador Stewart komu á fund utanríkisráðherra mánudaginn 10. október kl. 10:30, en viðstaddir voru auk þeirra þeir Hans G. Andersen og Henrik Sv. Björnsson. Utanríkisráðherra skýrði Sir Patrick frá því, að ríkisstjórnin hefði sett á fundi síðdegis í gær til að ræða viðhorf það, sem skapast hefði í viðræðum nefndanna undanfarna viku, einkum í ljósi skýringa þeirra, sem Sir Patrick hafði gefið formanni íslensku viðræðu-nefndarinnar s.l. laugardag.

Minnti ráðherra á, að eins og hann hefði áður skýrt frá, hefði ríkisstjórnin á s.l. sumri rætt við alla stuðningsmenn stjórnarflokkanna á þingi um möguleika á lausn fiskveiðidellunnar ^{vegna mikli áfjölda í Capone völlum} Hefði þá komið fram, að sumir þingmenn stjórnarflokkanna ^{er} væru andvígta því, að nokkrar ívilnanir væru látnar í té innan 12 málnanna. Nú kæmi þing saman í dag og væri það stlun ríkisstjórnarinnar að hafa þegar í stað samband við stuðningsmenn stjórnarflokkanna á þinginu í ljósi þeirra viðræðna, sem farið hefðu fram undanfarna viku. ^{og} til að fyrirbyggja allan misskiðing, skyldi sérstaklega tekið fram, að það væri ekki á nokkurn hátt stlun ríkisstjórnarinnar að draga málið á langinn, heldur mundi hún stuðla að því að flýta viðræðunum við þingmennina eins og frekast væri unnt. Hinsvegar væri rétt, að nefndarfundum yari frestað meðan þessi athugun færi fram. Ráðherra tók greinilega fram við Sir Patrick, að ríkisstjórnin teldi engan grundvöll fyrir lausn málsins nema þann, ef Bretar fengju aðstöðu taksarkaðan tíma til veðna innan 12 málna (og þar væri 5 ára tímabilið mjög erfitt viðureignar), ^{meina þú stjórn} að yrðu veiðar þeirra ^{yrðu} jafnframt taksarkaðar á svæðum utan 12 málna, auk þess sem breytt yrði grunnlínur.

Sir Patrick lýsti vonbrigðum sínum, því hann hefði vonast til að geta flutt stjórn sinni jákvæð skilaboð fyrir mögulegri lausn fyrir 12. október, því hann taldi brezkku stjórnina ekki geta ábyrgst, hvað brekir togarar myndu gera eftir þann dag, ef allt væri enn í lausu lof

þeir kynnu að fara inn fyrir 12 mílur og krefjast herskipa-
verndar. Myndi það koma brezku ríkisstjórninni í hinn
 mesta vanda.

Sir Patrick kvaðst vilja í stórum dráttum lýsa því,
hvernig hann hefði hugsað sér lausn málsins, til þess að
fyrirbyggja misskilning. Sagði hann, að Bretar hefðu getað
hugsað sér, að 1. grein vantanlega samkomulags yrði á þá
leið, að Bretar lýstu yfir því, að þeir hreyfðu ekki mót-
mælum við 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslendinga. Mundi þá
þegar vera slegið fastri þeirri meginreglu. Síðan yrði
í 2. grein tekið fram, að Íslendingar myndu fallast á,
að Bretar stunduðu veiðar á tilteknum tímabilum og svæðum
milli 6-12 mílna næstu 5 ár, eða þann tíma, sem samkomulag
næðist um. Væri þá við það miðað, að Íslendingar féllust
á þetta millibilsástand til þess að auðvelda Bretum að
aðlaga sig þessum grundvallarbreytingum og einnig með hlið-
sjón af öðrum atriðum, sem Bretar féllust á í samkomulaginu
og Íslendingum væri hagar að. Í því sambandi koma til
greina, að Bretar settu sig við endurskoðun á grunnlínunum,
enda væri talið, að það væri í saarsmi við 4. grein Genfar-
sammingsins frá 1958. Gat Sir Patrick þess, að viðræður
hefðu farið fram milli Miss Gutteridge, lögfræðilegs ráðu-
nauts brezka utanríkisráðuneytisins, og Hans G. Andersen
og hefði þar verið rætt um allar hugsanlegar breytingar
á grunnlínunum landið, og enda þótt hugmyndir Íslendinga í þeim
efnum gengju miklu lengra en Bretar teldu rétt, vonuðust
þeir til, að hægt væri að finna viðunandi lausn. Þetta
mál hefði ekki verið kannað til hlýtar af Bretra hálfu, en
Sir Patrick taldi líklegt að til greina gæti komið breyting
á grunnlínunum yfir Húnaflóa, svo og línunni suður af Langa-
nesi. Hinsvegar taldi hann, að breytingar fyrir suðaustur-
ströndinni, þar sem minnst hefur verið á tveir línur, annars-
vegar Meðallandsbyggt og hinsvegar svæðið fyrir austan
Ingólfshöfða, myndi varla koma til greina. Þá væri eftir
Selvogsbanki, eða einhverskonar grunnlína frá Reykjanesi
í Vestmannaeyjar. Gerði hann sér grein fyrir, að það væri
þýðingarmesta svæðið frá sjónarmiði Íslendinga,
en taldi fyrir sitt leyti ekki útilokað, að einhverskonar
málamiðlun gæti komið til greina þar. Þá gat Sir Patrick

Þess, að af Breta hálfu væri hægt að fallast á ýmskonar samvinnu í efnahagsmálum og kæmi þar fyrst og fremst til greina endurskoðun á löndunarsamningnum í þágu Íslendinga og tollalækkanir á freðfiski með sömu kjörum og giltu um aðildarríki EFTA. Bretar hefðu alls ekki hugsað sér, að nauðsynlegt væri að takmarka veiðar þeirra á svæðum utan 12 mílna, ef öll ofangreind atriði væru tekin til greina. Hinsvegar væri ekki útilokað, að hægt væri að finna einhver slík mjög takmörkuð svæði, ef það væri ófrávikjanlegt skilyrði af hálfu Íslendinga. Loks gat Sir Patrick þess, að af Breta hálfu væri höfuðáherzla lögð á það, að samkomulag næðist um að Íslendingar myndu ekki, að samningstímabilinu loknu, hyggja á einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar enn á ný, því annars væri hett við því, að sama togstreitan mundi þá taka við, enda vitað, að það væri markmið Íslendinga að ná yfirráðum yfir öllu landgrunninu. Af Breta hálfu væri það út af fyrir sig skiljanleg stefna, að Íslendingar vildu tryggja sjálfum sér sem víðáttumesta lögsögu, en að þeirra álitu yrði slíkt að eiga sér stað á grundvelli annaðhvort sérstakra samninga við þá eða með alþjóðasamningum, sem kynnu að verða gerðir í framhaldi af fyrri Genfarráðstefnum, þetta væri sem sagt höfuðatriðið í augum Breta.

Utanríkisráðherra tók fram að gefnu tilefni frá Sir Patrick, að ríkisstjórnin mundi ekki geta lýst yfir því, að hún myndi mæla með því við þingmenn stjórnarflokkanna að samkomulag væri gert við Breta á þeim grundvelli, sem Sir Patrick hefði lýst. Ríkisstjórnin gæti ekki sagt annað né meira á þessu stigi málsins en hann hefði lýst yfir við hann í byrjun þessa samtals, að ekki kæmi til mála annar grundvöllur en takmörkun á veiðum Breta utan 12 mílna, ef þeim væri hleypt inn fyrir 12 mílur, auk breyttra grunnlína. Hinsvegar gæti hann fullvissað brezku stjórnina um, að íslenska ríkisstjórnin myndi gera allt, sem í hennar valdi stæði til þess að fá enda bundinn á hina hvítleiðu deilu við Breta, og enda þótt viðræðum væri frestað um sinn, mundi hann að sjálfsegðu hafa samband við sendiherra Breta í Reykjavík um þróun málsins.

Sir Patrick reyndi mikið til að fá það fram, að ríkisstjórnin myndi mæla með lausn á svipuðum grundvelli

og hann hefði lýst, en ráðherra vísaði til fyrri umæla sinna og sagði, að á þessu stigi væri ekki hægt að gefa neina slíka yfirlýsingu, en vonandi myndu báðir aðilar sýna nauðsynlega þolinmæði. Það kom einnig fram, að ekki væri að svo stöddu hægt að fullyrða, hve langan tíma þyrfti til nauðsynlegra athugana, en Sir Patrick sagði, að Bretar legðu á það ríka áherzlu, að landanir Íslenskra togara færu ekki fram meðan viðræðum væri ekki lokið. Lofaði ráðherra, að Íslenskum togaraeigendum yrði skýrt frá þessum tilkæmum Breta. Að lokum var um það talað, að ef viðræður yrðu teknar upp á nýjan leik, myndu þær fara fram í Reykjavík.

10. Okt. 1960



Frásögn af fundi með Sir Patrick Reilly
laugardaginn 3. desember 1960.

Kl. 14:30 hófst fundur í Ráðherrabústaðnum. Af Breta hálfu mættu þeir Sir Patrick Reilly, Mr. Engholm, Miss Gutteridge, auk ambassadors Stewarts. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Hans G. Andersen, Henrik Sv. Björns-son og Davíð Ólafsson.

Brezku fulltrúunum var skýrt frá því, að ráðherrar hefðu kynnt sér orðalag það, sem samið var kvöldið áður. Eftir vandlega athugun hefði ríkisstjórnin á fundi í dag komið að þeirri niðurstöðu, að það lengsta, sem hún gæti gengið til að leysa málið, væri að annarsvegar lýsti hún yfir að haldið yrði áfram að vinna að framgangi Alþingis-ályktunar frá 5. maí 1959 og þá samkvæmt öllum þeim leiðum og gögnum, sem fyrir hendi væru á hverjum tíma, en hinsvegar myndi hún fallast á, að deilumál í því sambandi væru borin undir alþjóðadómstólinn í Haag og teldi hún það mjög mikla tilslökun miðað við það, sem verið hefði. Þetta væri hin efnislega niðurstaða og þess vegna væri tilvitnað orðalag óaðgengilegt. Ríkisstjórnin yrði því að halda sér við orðalag það, sem brezka sendiherranum hefði verið afhent 28. nóvember.

Sir Patrick kvað þessa niðurstöðu valda brezku fulltrúunum miklum vonbrigðum. Þeim hefði einmitt skilið í viðtölum við ráðherrana daginn áður, að efnislega bæri ekki mikið á milli, þannig að lausn virtist ekki ólíkleg. Ef niðurstaða ríkisstjórnarinnar væri hinsvegar sú, að hún gæti ekki fallið frá fyrra orðalagi, yrði að taka fram af Breta hálfu, að það orðalag leysti aðeins eitt af þeim þrem höfuðatriðum, sem Bretar teldu skilyrði fyrir því að lausn fengist, þ.e. tilvísun til alþjóðadómstólsins. Annað höfuðatriðið, á hvaða gögnum útfærsla væri byggð, væri ekki leyst með fyrra orðalaginu, því að þar væri vitnað til gagna, sem ekki fælu í sér

Þjóðréttarreglur, t.d. ályktanir alþjóðafunda, en hér yrði að miða við bindandi þjóðréttarreglur, þ.e. samninga eða venjurétt. Þriðja höfuðatriðið væri, að nýjar reglur gengju ekki í gildi meðan deilan væri fyrir dómi. Í fyrra orðalaginu væri alveg gengið fram hjá þessu atriði, en Bretar hefðu vonast til að finna mætti orðalag, sem leysti það atriði. Ef ríkisstjórnin vildi halda sér við fyrra orðalagið, væri ekki til neins að orða slíkar hugsanir. Ef hugsanlegt væri að um einhvern frest væri að ræða, mætti e.t.v. athuga eftirfarandi orðalag:

"If the Icelandic Government adopt a measure in pursuance of such a rule, the Icelandic Government shall give to the United Kingdom Government six months notice of its application to vessels registered in the United Kingdom. Any dispute between the Contracting Parties as to the existence or applicability of the rule shall be referred, at the request of either Contracting Party, to the International Court of Justice".

Myndi slíkt orðalag þá koma í staðinn fyrir orðalagi frá kvöldinu áður, en auðvitað myndi slíkt ekki leysa annað atriðið, sem áður hafði verið minnt á.

Sagði Sir Patrick að lokum, að hann vildi ekki fullyrða, hver endanleg niðurstaða brezku stjórnarinnar yrði, en á grundvelli skoðana, sem hann þekkti til, væri núverandi afstaða íslensku stjórnarinnar þannig, að hún "very likely may mean the end of our discussions". Sagði Sir Patrick, að brezku fulltrúarnir færu til London á mánudagsmorgun, en væru reiðubúnir til viðræðna við ráðherra eða nefndarmenn hvenær sem væri fyrir þann tíma.